

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 25. janúar 2018
Mnr. 2017120066



ÍSAFJARÐARBÆR

Leikskólalíkan

Í töluverðan tíma hefur verið umræða um að finna leið til að úthluta leikskólum sveitarfélagsins starfsmannastundum þannig að jafnræði sé á milli skólanna. Barngildi sem áður var notast við og voru í lögum um leikskóla voru feld úr lögum árið 2008, þau hafa þó verið notuð sem viðmið. Líkanið miðaðar við hvernig verið er að manna leikskóla í dag og notast við gömlu barngildin. Sambærileg líkön eru í dag notuð til að deila kennslustundamagni í grunn- og tónlistarskólum sveitarfélagsins. Sviðsstjóri hefur spurst fyrir í nokkrum sveitarfélögum hvaða viðmið um barnafjölda er verið að nota og eru flest sveitarfélög að miða við gömlu barngildin.

Taka þarf tillit til margs við mönnun leikskóla svo sem menntun starfsmanna, undirbúning starfsmanna, fjölda nemenda, fjölda dvalarstunda nemenda, aldur og samsetning nemenda skólans og stuðningsþörf. Hluti af því sem sett er fram í líkaninu kemur fram í kjarasamningum.

Líkanið var lagt fram á fundi fræðslunefndar þann 4. janúar 2018. Í minnisblaði sem einnig var lagt fram á fundinum kom fram að leikskólastjórnendur höfðu gert athugasemd við fjölda barna á hvern starfsmann en þeir töldu að skynsamlegt væri að fækka börnum á starfsmann. Nefndin bókaði eftirfarandi: „*Lagt fram til kynningar, áframhaldandi vinna og útfærsla verður unnin.*“ Sviðsstjóra var falið að skoða kostnaðaraukningu ef börnum verði fækkað á hvert stöðugildi starfsmanna og skoða hvað önnur sveitarfélög eru að miða við.

Á fundi fræðslunefndar þann 18. janúar 2018 var líkanið aftur lagt fram og útreikningar á því hvað breytingar yrðu ef börnum væri fækkað á starfsmann miðað við athugasemdir leikskólastjóra. Nefndin bókaði eftirfarandi á þeim fundi: „*Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki framlagt reiknilíkan sem rammar inn það starf og úthlutun stöðugilda sem er nú í gildi í leikskólum. Jafnframt leggur fræðslunefnd til að fjöldi barna á starfsmann verði endurskoðaður sérstaklega með yngstu börnin í huga.*“

Fræðslunefnd leggur til að líkanið verði samþykkt en jafnframt að bæjarstjórn skoði það að fækka börnum á starfsmann sérstaklega yngstu börnunum. Sviðsstjóri reiknaði út breytingu sem yrði ef komið yrði til móts við tillögur skólastjórnenda og leggst það fjögur stöðugildi í stærsta leikskólanum en ef einungis yrði breyting á fjölda barna á starfsmann í yngsta árganginum er það um það bil eitt stöðugildi.

MH